



Fundargerð

**167. fundur haldinn í fjarfundi á Zoom,
þriðjudaginn 8. júní 2021, kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Jón Hrafn Karlsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Jón Atli Jónsson, Bjarki Guðnason, Rúnar Þorri Guðnason, Kristbjörg Hilmarsdóttir, Bergur Kristinn Guðnason, Sandra Brá Jóhannsdóttir og Ólafur Elvar Júlíusson.

Fundargerð ritaði: Ólafur Elvar Júlíusson, .

1. Eldhraun - 1701015

Deiliskipulagsbreyting - Áningastaður í Eldhrauni

Gerð er breyting á deiliskipulagi Eldhrauns sem samþykkt var 17.05.2013 og m.s.br.sem samþykktar voru 15.07.2014. Deiliskipulagið er stækkað úr 0,4 ha í 2,6 ha og mörk svæðisins ná norður fyrir þjóðveg 1.

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst frá og með 22.apríl til og með 3.júní 2021

Engar athugasemdir hafa borist á auglýsinga- og athugasemdatíma.

Umsagnir bárust frá Vegagerðinni og Umhverfisstofnun.

Dsk uppdráttur sem liggur fyrir fundi hefur verið uppfærður í ljósi umsagna.

"Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að dsk breytingartillagan verði afgreidd skv. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 "

2. Þétting byggðar á Kirkjubæjarklaustri - 1901004

Deiliskipulagsbreyting - Íbúðabyggð við Læknisbústað.

Gerð er breyting á deiliskipulagi Læknisbústaðar sem samþykkt var 19.12.2019 og felur breytingin í sér að breyta tveimur einbýlishúsalóðum í tvær fjölbýlishúsalóðir

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst frá og með 22.apríl til og með 3.júní 2021

Engar athugasemdir hafa borist á auglýsinga- og athugasemdatíma

"Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að dsk breytingartillagan verði afgreidd skv. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 "

3. Húsnæðisáætlun - 2002009

Húsnæðisáætlun 2021 lögð fram til umsagnar skipulagsnefndar Skaftárhrepps

"Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að Húsnæðisáætlun 2021 verði samþykkt og send HMS til staðfestingar"

4. Hæðargarður - stofnun lóðar H8 - 2007005

Hæðargarður H8, stækkun lóðar, ný gögn í málinu lögð fram

"Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að dsk breytingartillagan verði afgreidd skv. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 "

**5. Hrífunes - 550 stofnun nýrrar landeignar - 2105016**

Hrísnes ehf kt. 460815-0960 sækir um skráningu á nýrri landeign úr landi Hrífuness L163371

"Skipulagsnefnd samþykkir erindið en leitað verði álits Vegagerðarinnar varðandi vegtenginguna"

6. Fjaðrárgljúfur - Heimild v efnistöku í námu N25 - 2105019

Vegagerðin sækir um framkvæmdaleyfi vegna fyrirhugaðrar efnistöku allt að 7.000 m³ í Landbrotshólanámu í landi Hunkubakka sunnan hringvegar sem er merkt nr. 19393 í námukerfi Vegagerðarinnar. Merkt sem N25 í aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022

"Skipulagsnefnd samþykkir framkvæmdaleyfið"

"Jafnframt óskar skipulagsnefnd eftir því við Vegagerðina að fram verði lagður listi yfir námur sem Vg hyggst nýta áfram sem og námur sem fyrirhugaðar eru. Nú er unnið að endurskoðun á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2020-2032 er er því afar brýnt að endurskoðunin nái utan um núverandi námur sem og fyrirhugaðar horft til gildistíma aðalskipulagsins."

7. Kirkjubær II - bráðabirgðaleyfi - 2106002

Benedikt Lárusson óskar eftir bráðabirgðaleyfi fyrir rafmagnsinntakshús skv. meðfylgjandi gögnum

"Skipulagsnefnd staðfestir bráðabirgðaleyfi til 6 mánaða."

8. Hraungata - stofnun lóðar úr landi Hæðargarðs - 2106003

Bær hf sækir um skráningu nýrrar lóðar úr landi Hæðargarðs sem fengi nafnið Hraungata skv. meðf. gögnum

"Skipulagsnefnd samþykkir erindið."

10. Hverfisfljót Núpsvötn - Framkvæmdaleyfi - 2106005

Vegagerðin sækir um framkvæmdaleyfi fyrir nýjum brúm yfir Hverfisfljót og Núpsvötn skv. meðfylgjandi gögnum

"Skipulagsnefnd samþykkir framkvæmdaleyfið, en gerir kröfu um að sérstaklega sé gert ráð fyrir umferð gangandi og hjólandi vegfarenda yfir brúna."

9. Rofastöð-spennistöð við Hótel Klaustur - 2106004

Bær hf óskar eftir afstöðu skipulagsnefndar á staðsetningu rofastöðar/spennistöðvar skv. meðfylgjandi uppdraetti.

Fyrirhugað er að setja upp hleðslustöðvar við Hótel Klaustur, koma spennistöð úr kjallara hótels Klausturs út og jafnframt er það spurning með styrkingu innviða RARIK við þéttingu byggðar á Klaustri.

"Skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið og vísar málinu til vinnuhóps um endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps 2020-2032 að höfðu góðu samráði við viðkomandi aðila"

11. Fjaðrárgljúfur - endurskoðun dsk - 2106006



Lögð fram gögn til kynningar á fyrirhugaðri breytingu á dsk fyrir Fjaðrárgljúfur

12. Svæðisskipulag Suðrhálendis - 2010008

Lögð fram gögn til kynningar vegna Svæðisskipulagslýsingar fyrir Suðrhálendið

Fundi slitið kl. 17:10.

Sandra Brá
Jóhannsdóttir & sveitarstjóri
og Ólafur Elvar
Júlíusson & .